

Alþingi
Erindi nr. P 137/335
komudagur 22.6.2009

22.6.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis.

V. 118. máls.

Bendi á að fyrirhugaðir gjalddagar í neðangreindri grein lenda tvisvar deginum fyrir gjalddaga virðisaukaskatts 5/2 og 5/8. Betra væri ef þessir gjalddagar/eindagar væru færðir aftar um tuttugu daga, þá lenda eindagar hvorki á virðisaukaskattsgjalddögum né staðgreiðslu og tryggingagjaldseindögum.

7. gr. laganna orðast svo:

Greiðslutímabil skatts samkvæmt lögum þessum skal vera þrjú mánuðir, þ.e. janúar–mars, apríl–júní, júlí–september og október–desember. Gjalddagar eru 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar og er eindagi 15 dögum síðar.

Jafnframt bendi ég á að fyrsti gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2009 er 20 júlí og eindagi 4. ágúst 2009. Þetta er á há sumarleyfistíma landsmanna auk þess sem afar skammur tími er veittur til að kynna þessi lög og ganga frá þessum málum hjá fyrirtækjunum eða rétt rúmlega mánuður frá því löggin öðlast væntanlega gildi.

kv.

GUÐMUNDUR ÓSKARSSON
LÖGGILTUR ENDURSKOÐANDI
REYKJAVÍKURVEGI 66
HAFNARFIRÐI
SÍMI 555-3155
FAX 565-2878